

Verkefnisstjórn um flutning Fiskistofu  
Kristján Skarphéðinsson ANR,  
Eyþór Björnsson Fiskistofu.

Reykjavík 17. júlí 2014

Efni: Flutningur höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar.

Eins og kunnugt er af fréttum hefur verið tekin ákvörðun um að flytja höfuðstöðvar Fiskistofu til Akureyrar. Þá liggur einnig fyrir að áfram verður rekin starfsstöð Fiskistofu á höfuðborgarsvæðinu.


Landssamband veiðifélaga vill vekja athygli verkefnisstjórnar á að miklu skiptir fyrir veiðifélög og veiðiréttareigendur hvar og hvernig stjórnsýslu veiðimála er fundinn staður. LV minnir á að það var að frumkvæði landssambandsins að þessi málaflokkur var fluttur frá Landbúnaðarstofnun til Fiskistofu með lögum nr. 81/2008. Ástæða þess var meðal annars staðsetning Fiskistofu á höfuðborgarsvæðinu.

Að fenginni reynslu fer Landssamband veiðifélaga fram á að lax-og silungsveiðisvið verði vistað áfram á starfsstöð Fiskistofu á höfuðborgarsvæðinu. Bent er á að aðeins er um 2 stöðugildi að ræða og sérhæfða stjórnsýslu sem starfar í nánum tengslum við aðrar stofnanir s.s. Veiðimálastofnun og einnig eru mikil samskipti við forystu veiðimála á landsvísu.

Landssamband Veiðifélaga telur nauðsynlegt að við þær breytingar sem eru framundan á hógum Fiskistofu verði haft viðtækt samráð við starfsfólk stofnunarinnar og einnig aðra hagsmunaaðila sem eiga lögum samkvæmt í miklum samskiptum við Fiskistofu.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands veiðifélaga



Óðinn Sigþórsson form.